

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Fundargerð 3. stjórnarfundar, starfstímabilið 2013-14 Mánudagur 7. apríl 2014 kl. 08:15.

Mættir voru Soffía Guðmundsdóttir, Svana Davíðsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.

1. Svana og Anna sátu fund í síðustu viku með foreldrafélagi Leikskóla Seltjarnarness. Á þeim fundi kynnti Svana innihald bréfsins sem lagt verður fyrir og kynnt bæjarstjóra í lok mánaðar. Engar athugasemdir hafa borist frá foreldrafélaginu. Í kjölfarið var ákveðið að senda út tölvupóst á foreldra allra barna í leikskólanum og kynna þar fyrirhugaðan fund sem og að kalla eftir ábendingum frá foreldrum. Ákveðið að senda tölvupóst á allra foreldra í skólanum og kynna fyrirhugaðan fund sem og kanna hvort það séu einhver málefni sem þau vilja koma á framfæri. Saga setur saman bréf til að senda út.
2. Baldur Pálsson fræðslustjóri Seltjarnarness er búinn að boða fund með bæjarstjóra, formanni skólanefndar og fræðslustjóra miðvikudaginn 30.apríl kl. 8:15
3. Farið yfir röð efnispunkta í bréfi sem lagt verður fram á fundinum. Bætt við atriði um að kalla eftir langtímastefnu í vistun yngri barna, bæði hvað varðar aldur við inntöku en einnig húsnæðismál fyrir þennan aldurshóp. Foreldraráðið sér rólavöllinn við Vallarbraut sem fýsilegan kost.
4. Lokað verður fyrir umsóknir um leikskólavist fyrir úthlutun á hausti 2014 þann 30.apríl næstkomandi. Búið er að taka ákvörðun um að deildin Holt sem hýsir yngstu börn skólans verði áfram starfrækt.
5. Soffía upplýsti um að hefja eigi endurbætur/ viðhald á húsnæði Sólbrekku. Meðal annars verður klæðningin að utan löguð.
6. Fyrirspurn hefur borist hvort hægt sé að setja upp aðstöðu / skýli til að geyma kerrur eða hjól í yfir daginn.

Fundi slitið kl. 09:15.

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir